



Til: Valur Sveinsson <valur@fjardabyggd.is>
Efni: RE: 1706060 - Varðar umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 v skógræktar í Víkurgerði við Fáskrúðsfjörð
Upplýsingar: Sent: 12.03.2018 14:08:33 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018030024, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018030024

Vísað er til bréfs frá Fjarðarbyggð, dags. 7. febrúar sl., þar sem fram koma ýmsar athugasemdir við bréf Náttúrufræðistofnunar Ísland til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 10. janúar sl. sem var svar við meðfylgjandi bréfi frá ráðuneytinu dags. 11. desember 2017. Í bréfi ráðuneytisins kemur skýrt fram að beðið er um umsögn um óskir um að breyta svæði 621. á náttúruminjaskrá, sjá meðfylgjandi bréf. Samkvæmt öllum upplýsingum sem Náttúrufræðistofnun býr yfir er náttúruminjaskrá sem gefin var út árið 1996 ásamt meðfylgjandi korti enn í fullu gildi, þ.m.t. kortið, þar til endurskoðun hennar er lokið, sjá bráðabirgðaákvæði laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Þar kemur fram að stefnt skuli að því að endurskoðun náttúruminjaskrár ljúki eigi síðar en 2021. Tekið er undir þau sjónarmið að skipulag svæða sem unnið er með hverju sinni geti ekki beðið þar til heildarendurskoðun náttúruminjaskrár er lokið.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar til ráðuneytisins var það mat stofnunarinnar að óhætt væri að færa mörk svæðis 621 á náttúruminjaskrá í 120-130 m h.y.s. Í framangreindu bréfi frá Fjarðabyggð, sjá einnig meðfylgjandi tölvupóst, segir:

„Á hinn bóginn er vilji til að koma á móts við þær áhyggjur sem birtast í umsögn NÍ á eftirfarandi hátt við fullvinnslu skipulagstillögunnar:

- Afmörkun umræddra reita í aðalskipulaginu verði breytt þannig að þeir takmarkist við 170 metra hæðarlínu eða 500 metra fjarlægð frá jaðri ríólítskriðanna, eftir því hvor línan er fjær Sandfellinu. Við þetta klippist totan upp með Víkurgerðisá af.
- Ásýndarmynd sem sýnir umfang fyrirhugaðrar skógræktar frá sjónarhorni handan fjarðarins verði sett inn í tillögugögnin."

Að mati Náttúrufræðistofnunar er mjög erfitt að taka afstöðu til framangreindra hugmynda án þess að þær séu fyrst settar fram myndrænt í landlíkani og t.d. gerður samanburður á því að setja mörkin eins og lagt er til af Náttúrufræðistofnun, í 120-130 m h.y.s., eða nota 500 metra fjarlægð frá jaðri skriðanna en hafa mörkin að öðru leiti í 170 m h.y.s. Þar getur t.d. skipt máli hvernig jaðarinn er afmarkaður. Náttúrufræðistofnun leggur því til að framangreint sé gert og málið síðan skoðað aftur.

Virðingarfyllst,



20171213124926319.tif

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Valur Sveinsson <valur@fjardabyggd.is>
Dags: 12.03.2018 11:29:04
Til: 'Trausti Baldursson' <trausti@ni.is>
cc: "jgo@ni.is" <jgo@ni.is>, "arni@alta.is" <arni@alta.is>, "R14guth@stjr.is" <R14guth@stjr.is>
Efni: RE: Re: RE: 1706060 - Varðar umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 vegna skógræktar í Víkurgerði við Fáskrúðsfjörð

Sæll Trausti og takk fyrir þetta.

Sama umsögn barst skipulagsráðgjafa okkar í tölvupósti frá umhverfis- og aulindaráðuneytinu 5. febrúar síðastliðinn og er tilefni bréfaskrifta okkar 7. febrúar og svo aftur 9. mars þar sem engin svör höfðu borist.

Eins og fram kemur í bréfinu frá 7. febrúar er vilji til að koma á móts við þær áhyggjur sem birtast í umsögn NÍ frá 10. janúar síðastliðnum og eru eftirfarandi tillögur um það lagðar fram.

- Afmörkun umræddra reita í aðalskipulaginu verði breytt þannig að þeir takmarkist við 170 metra hæðarlínu eða 500 metra fjarlægð frá jaðri ríólítskriðanna, eftir því hvor línan er fjær Sandfellinu. Við þetta klippist totan upp með Víkurgerðisá af.
- Ásýndarmynd sem sýnir umfang fyrirhugaðrar skógræktar frá sjónarhorni handan fjarðarins verði sett inn í tillögugögnin.

Óskað er eftir umsöng NÍ á ofantöldu sbr. bréfið frá 7. febrúar og hvort tillagan gæti orðið til þess að umsögn NÍ yrði jákvæðari gagnvart skipulagsáformun sveitarfélagsins varðandi skógrækt í landi Víkurgerðis.

Kveðja Valur Sveinsson

	FJARÐABYGGÐ	Pú ert á góðum stað
Valur Sveinsson Skipulags- og byggingarfulltrúi Planning and building manager valur.sveinsson@fjardabyggd.is		
Fjarðabyggð Hafnargötu 2 730 Fjarðabyggð	+354 470 9061 +354 895 9915 www.fjardabyggd.is	

[Fyrirvari/legal disclaimer](#)

From: Trausti Baldursson

Sent: 12.3.2018 10:04:04

To: Valur Sveinsson

CC: Jón Gunnar Ottósson/NI.IS@NI.IS ;arni@alta.is ;R14guth

Subject: Re: RE: 1706060 - Varðar umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 vegna skógræktar í Víkurgerði við Fáskrúðsfjörð

Tilvísun í mál: 2018030024

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósta frá Fjarðabyggð, dags, 7. febrúar og 9. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 vegna skógræktar í Víkurgerði við Fáskrúðsfjörð.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskaði eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um sama mál, sjá meðfylgjandi umsögn dags. 10. janúar sl. Þar sem um er að ræða sama mál og hér að framan hefði verið heppilegra að senda afrit af umsögn stofnunarinnar á Fjarðabyggð. Beðist er velvirðingar á því að það hafi ekki verið gert. Náttúrufræðistofnun litur svo á að meðfylgjandi umsögn til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins jafngildi umsögn til Fjarðabyggðar.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson

Frá: Hrafnafoss@ni.is
Dags: 10.01.2018 14:09:02
Til: trausti@ni.is

Queries to: Hrafnafoss@ni.is

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is
cid: 1_0CA685640CA682F800374DD80025824E
Frá: Jón Gunnar Ottósson/NI.IS
Dags: 09.03.2018 16:25:53
Til: Valur Sveinsson <valur@fjardabyggd.is>
cc: 'Árni Geirsson' <arni@alta.is>, 'R14guth@stjr.is' <R14guth@stjr.is>
Efni: RE: 1706060 - Varðar umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 vegna skógræktar í Víkurgerði við Fáskrúðsfjörð

From: Valur Sveinsson <valur@fjardabyggd.is>
To: "jgo@ni.is" <jgo@ni.is>
Cc: "R14guth@stjr.is" <R14guth@stjr.is>, 'Árni Geirsson' <arni@alta.is>
Date: 09.03.2018 14:04
Subject: RE: 1706060 - Varðar umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 vegna skógræktar í Víkurgerði við Fáskrúðsfjörð

Sæll Jón Gunnar

Sendi hér með að nýju póst og bréf sem sendur var til þín 7. febrúar síðastliðinn eða fyrir rúmum mánuði síðan.

Engin svör eða viðbrögð hafa verið við póstinum. Það væri því fróðlegt að fá upplýsingar um hvort stofnunin ætli sér yfir höfuð að svara eða taka til umræðu það sem lagt er til í bréfinu.

Kveðja Valur Sveinsson

Valur Sveinsson nýtt

[Fyrirvari/legal disclaimer](#)

From: Valur Sveinsson
Sent: 7.2.2018 15:58:00
To: jgo@ni.is
CC: R14guth@stjr.is
Subject: 1706060 - Varðar umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 vegna skógræktar í Víkurgerði við Fáskrúðsfjörð

Sæll Jón Gunnar

Meðfylgjandi er bréf vegna umsagnar NÍ um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 vegna skógræktar í Víkurgerði við Fáskrúðsfjörð.

Kveðja Valur Sveinsson

[Fyrirvari/legal disclaimer](#)[attachment "Varðar umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 vegna skógræktar í Víkurgerði við Fáskrúðsfjörð.pdf" deleted by Jón Gunnar Ottósson/NI.IS]